Hér er nokkuð umfangsmikil afkvæmarannsókn að vanda. Tveir kollóttir hrútar skara hér nokkuð fram úr að þessu sinni. Kubbur 18-024 sonur Ebita 13-971 stendur efstur en dætur hans mælast með einna þykkastan bakvöðva. Kjötmatið er einnig mjög hagstætt hjá sláturlömbum undan Kubb þar sem saman fer góð gerð og mjög lítil fita miða við fallþunga. Kubbur stóð ofarlega í afkvæmarannsóknnum hér bæði árin 2019 og 2020. Móðir Kubbs en sonardóttir Dolla 09-892 frá Heydalsá 1 og dótturdóttir Freyðis 07-810 frá Hesti. Massi 20-031 er sonur Fálka 17-821 frá Bassastöðum. Hann er að skila talsverðum yfirburðum í gerð sláturlamba sem jafnframt eru í vænni kantinum með hagstætt fitumat. Glaumur 20-024 sonur Gláms 16-825 frá Svartárkoti skilar hér hagfelldum niðurstöðum í öllum þáttum rannsóknarinnar. Þetta er mórauður hrútur og er móðir hans afkomandi Blakks 07-865 frá Álftavatni í báðar ættir. Þar á eftir koma síðan fullorðnir hrútar sem hafa staðið sig vel í afkvæmarannsóknnum hér á síðustu árum þeir Næðingur 16-025 sonur Kalda 12-950 frá Oddsstöðum og Klútur 18-025 sonur Tvists 14-988 frá Hríshóli.

Gilhagi í Lýtingsstaðahreppi

Nafn	Númer	Faðir Nafn	Faðir Númer	Eink. Fallþ.	Eink. kjötmat	Eink. líflömb	Eink. Heild	Fallþ.	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Pjakkur	18-708	Botni	17-706	92,8	97,4	147,0	112,4	18,2	10,2	7,4	33,3	2,9	18,2	138,2
Emil	20-712	Mosi	19-032	94,5	104,1	104,8	101,1	18,2	10,4	7,3	31,0	3,0	17,8	133,1
Dalur	18-706	Jaki	15-406	121,5	94,9	83,9	100,1	20,8	9,9	7,3	29,9	3,3	17,7	134,0
Brundur	20-710	Breki	16-824	83,9	106,1	104,0	98,0	17,3	10,0	6,8	30,8	2,7	17,4	128,8
Randver	20-708	Glámur	16-825	101,1	109,8	83,3	98,0	18,9	10,7	7,4	28,6	2,6	17,7	135,5
Smyrill	20-709	Dalur	18-706	106,3	89,3	83,0	92,8	19,5	9,6	7,2	29,6	3,5	17,9	140,2
							Meðalta	18,8	10,1	7,2	30,4	3,0	17,8	135,1

Pjakkur 18-708 stendur hér efstur en hann sækir yfirburði sína eingöngu í mat á lifandi lömbum en þar skara afkvæmi hans verulega fram úr öðrum hópum í þessari rannsókn. Þessir yfirburðir endurspeglast ekki svona skýrt í kjötmatshlutanum. Að baki Pjakkur standa þeir Saumur 12-915 frá Ytri-Skógum, Grábotni 06-833 frá Vogum og Dökkvi 07-809 frá Hesti í þriðja ættlið. Randver 20-708 sonur Gláms 16-825 frá Svartárkoti á þann sláturlambahóp sem skorar hæst í gerðinni.

Ríp í Hegranesi

Nafn	Númer	Faðir Nafn	Faðir Númer	Eink. Fallþ.	Eink. kjötmat	Eink. líflömb	Eink. Heild	Fallþ.	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Hylur	20-246	Forsetinn	19-243	108,0	104,4	138,5	116,9	19,7	11,4	8,2	34,0	3,2	18,1	158,9
Forsetinn	19-243	Guðni	17-814	106,7	101,4	142,3	116,8	19,4	11,5	8,4	33,0	3,1	18,1	154,9
Gyllir	20-249	Glæsir	18-245	99,3	104,5	125,7	109,8	18,8	11,1	7,9	32,8	3,4	18,0	158,5
Frár	20-243	Forsetinn	19-243	107,7	101,2	117,1	108,7	19,7	11,3	8,2	32,8	3,7	18,0	157,5
Draugur	20-241	Durtur	16-994	106,3	88,1	96,1	96,8	19,4	10,4	7,8	32,2	3,9	17,7	159,9
Pappi	20-242	Hólkur	15-823	103,9	99,4	84,8	96,0	19,2	11,0	8,0	31,3	3,7	17,6	160,0
Kristall	18-244	Magni	13-944	98,6	106,6	78,8	94,6	18,8	11,1	7,8	30,2	3,2	17,6	158,3
Gnúpur	20-248	Glæsir	18-245	98,5	98,1	80,1	92,2	18,7	10,8	7,8	31,0	3,9	17,6	156,4
Kjarni	19-250	Krókur	18-246	84,6	89,7	90,2	88,1	17,5	10,9	8,2	30,6	3,7	18,1	161,0
Feldur	20-251	Fróði	18-251	91,1	90,6	67,3	83,0	18,0	10,0	7,3	29,8	3,5	17,6	156,2
							Meðalta	18,9	11,0	7,9	31,5	3,4	17,8	158,2

Feðgar standa efstir í afkvæmarannsókninni hér á bæ. Sonurinn Hylur 20-246 á þann dætrahóp sem mælist með þykkastan bakvöðva og faðir hans Forsetinn 19-243 stendur honum næstur í þeim efnum. Kjötmatniðurstöður þeirra feðga eru áþekkar og skila þeir best gerðu sláturlömbunum í rannsókninni en þau eru jafnframt í feitari kantinum enda vænleiki þeirra góður. Hylur er dóttursonur Magna 13-944 frá Heydalsá 1 en Forsetinn er sonur Guðna 17-814 frá Miðdalsgröf og móðir hans sonardóttir Sprota 12-936 frá Melum 2. Forsetinn var einnig í öðru sæti í afkvæmarannsókn hér árið 2020. Annar sonur Forsetans, Frár 20-243 er sá fjórði í röðinni í heildareinkunn með keimlíkar niðurstöður og faðir sinn og bróðir. Gyllir 20-249 stingur sér svo þarna inn í röðina með ljómandi góðan gimbrahóp og ágætt kjötmat en breytileiki í kjötmati milli hrúta í þessari rannsókn í heild er óvenju lítill. Gyllir er hyrndur, sonarsonur Gutta 13-984 frá Þóroddsstöðum og dóttursonur Snævars 10-875 frá Hesti.

Ytra-Vallholt í Seyluhreppi

Nafn	Faðir Númer	Faðir Nafn	Faðir Númer	Eink. Fallþ.	Eink. kjötmat	Eink. líflömb	Eink. Heild	Fallþ.	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
771w	20-493	w627	17-492	95,5	101,7	129,5	108,9	17,7	9,7	6,9	30,7	2,8	17,7	144,6
979w	20-491	768w	19-488	106,6	100,7	108,0	105,1	18,5	10,3	7,5	28,9	2,8	17,5	145,5
653w	20-487	859v	19-490	106,0	100,4	95,2	100,5	18,4	10,0	7,2	28,5	2,9	17,4	137,2
992w	20-488	77w	19-493	100,3	105,3	90,5	98,7	18,0	10,8	7,9	28,4	3,0	17,5	138,5
879w	20-492	Köggull	17-810	104,2	78,8	110,6	97,9	18,2	9,6	7,5	29,6	2,8	17,4	142,9
647w	20-490	w55	18-490	95,2	121,9	76,6	97,9	17,6	9,9	6,6	26,6	2,3	17,1	142,2
66w	20-486	Svavar	16-830	96,0	93,5	93,8	94,4	17,7	9,7	7,2	28,3	2,7	17,3	140,1
							Meðaltal	18,0	9,9	7,2	28,7	2,8	17,4	141,8

Heildarniðurstöður hjá hverjum hrút eru frekar jafnar í þessari afkvæmarannsókn. Efstur í heildareinkunn er 20-493. Hann sækir yfirburði sína nær eingöngu í mat á lifandi lömbum. Dætur hans mælast með afgerandi þykkastan bakvöðva og stigast best fyrir frampart og læri. Þessir yfirburðir skila sér hinsvegar ekki yfir í kjötmatshlutann. Í ættartrénu er fátt um stöðvahrúta nema Hængur 10-903 frá Geirmundarstöðum stendur á bakvið báða foreldra hans. Sláturlömb undan 20-488 skara nokkuð fram úr öðrum hópum í gerð en þetta er jafnframt sá hópur sem hefur safnað á sig mestri fitu en fallþunginn er á meðaltali.

Prasastaðir í Fljótum

Nafn	Faðir Númer	Faðir Nafn	Faðir Númer	Eink. Fallþ.	Eink. kjötmat	Eink. líflömb	Eink. Heild	Fallþ.	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Serri	20-086	Spói	19-084	106,0	115,0	123,6	114,9	19,3	10,4	7,0	30,5	3,5	17,6	138,5
Marsi	20-083	Glæsir	19-286	114,7	126,3	102,0	114,3	20,1	10,8	7,1	29,5	4,0	17,8	140,0
Sirop	20-085	Stæll	17-067	106,9	108,7	116,3	110,6	19,4	10,5	7,4	29,4	3,6	17,9	137,4
Pipar	20-090	Satúrnus	17-843	89,4	100,8	110,6	100,3	18,0	9,9	7,0	28,6	3,3	17,8	137,5
Bettan	19-090	Amor	17-831	83,1	101,9	115,3	100,1	17,4	9,7	6,8	29,7	3,6	17,4	139,4
Greifi	20-095	Noi	17-090	95,0	88,1	110,4	97,8	18,2	9,9	7,7	28,6	3,1	17,6	138,5
Gloinn	19-094	Rassmus	15-191	112,1	81,8	96,7	96,9	19,8	9,5	7,3	29,3	3,8	17,3	136,5
Noi	17-090	Gási	16-192	94,9	99,0	81,3	91,8	18,4	9,5	6,7	27,5	3,3	17,2	136,6
Tobbi	19-081	Rjómi	18-007	100,6	90,3	80,5	90,5	18,9	10,1	7,7	27,8	3,9	17,5	138,6
Slots	19-087	Kaldi	17-249	94,9	87,8	76,1	86,3	18,5	10,0	7,6	27,3	3,8	17,4	138,3
							Meðaltal	18,8	10,1	7,2	28,7	3,6	17,5	138,1

Serri 20-086 stendur hér efstur með talsverða yfirburði í öllum þáttum rannsóknarinnar. Dætur hans mælast m.a. með þykkastan bakvöðva í þessum samanburði. Serri er aðkeyptur frá Smáhömrum. Sláturlömb undan Marsa 20-083 er 1,3 kg þyngri en meðalhópurinn í þessari rannsókn. Sláturlömbin eru jafnframt best gerði hópurinn en fita er aðeins undir meðaltalinu þrátt fyrir þessa yfirburði í fallþunga. Marsi er aðkeyptur frá Melum 1 í Árneshreppi, sonarsonur Fálka 17-821 frá Bassastöðum og dóttursonur Hnalls 12-934 frá Broddanesi 1. Sirop 20-085 skilar nokkrum yfirburðum í öllum þáttum rannsóknarinnar en þessir þrjú hrútar sem hér eru nefndir bera nokkuð af öðrum hrútum í rannsókninni hvað varðar gerðarmat sláturlamba. Sirop er aðkeyptur frá Smáhömrum, sonarsonur Kolls 15-983 frá Árbæ og dóttursonur Blika 16-819 frá Árbæ.

Eyjafjörður

Bárðartjörn, Grýtubakkahreppi

Nafn	Númer	Faðir Nafn	Faðir Númer	Eink. Fallþ.	Eink. kjötmat	Eink. líflömb	Eink. Heild	Fallþ.	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Surtur	19-468	Durtur	16-994	110,8	127,4	143,4	127,2	16,3	10,1	6,1	32,1	2,7	17,7	140,0
Sokki	19-469	Gulli	16-398	105,4	120,7	115,2	113,8	16,0	9,5	5,8	31,0	2,8	17,7	135,7
Sambó	19-467	Durtur	16-994	103,9	117,0	97,7	106,2	15,9	9,6	6,0	30,1	2,9	17,6	136,6
Hreinn	16-451	Svimi	14-956	89,9	118,6	104,1	104,2	15,0	9,2	5,7	30,1	2,5	17,2	137,8
Breki	16-449	Bekri	12-911	100,3	99,8	109,3	103,2	15,6	9,2	6,2	30,3	2,3	17,2	140,9
Árni	20-474	Sambó	19-467	98,6	90,0	99,2	95,9	15,4	8,3	5,8	29,3	2,4	17,5	131,5
Unnar	20-475	Sambó	19-467	91,6	93,5	101,1	95,4	15,0	8,2	5,5	29,6	2,5	17,6	135,3
Peli	18-464	Brúsi	16-213	99,9	79,8	102,8	94,2	15,6	8,4	6,1	30,6	2,6	17,1	138,0
Ingvar	20-476	Surtur	19-468	104,9	90,2	87,1	94,1	16,0	8,9	6,2	29,0	2,3	17,2	138,6
Práinn	18-462	Axi	12-434	102,5	67,5	77,3	82,4	15,8	8,0	6,0	28,0	2,3	17,0	138,0
Móri	16-461	Ás	14-192	96,6	86,3	61,3	81,4	15,3	7,8	5,4	28,0	2,6	16,8	132,7
Mói	20-473	Peli	18-464	95,5	72,5	68,1	78,7	15,3	8,1	6,1	27,9	2,8	17,2	141,5
							Meðaltal	15,6	8,9	5,9	30,0	2,6	17,3	137,8

Hér stendur efstur, annað árið í röð, Surtur 19-468 frá Fornhólum í Ljósavatnsskarði, svartur að lit líkt og nafnið gefur til kynna. Surtur kemur vel út úr öllum þáttum og virðist vera úrvals lambafaðir. Hann er sonur Durts 16-994 frá Hesti. Í móðurætt koma fyrir hrútar frá nokkrum stöðum og má þar nefna Seðil 14-252 frá Stóru-Tjörnum og sæðingastöðvahrútana Prjón 07-812 frá Hesti og Gand 07-845 frá Garðsá. Þess má geta að Surtur er arfblendinn fyrir lítið næmu arfgerðinni.

Hríshóll, Eyjafjarðarsveit

Nafn	Númer	Faðir Nafn	Faðir Númer	Eink. Fallþ.	Eink. kjötmat	Eink. líflömb	Eink. Heild	Fallþ.	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Jóki	20-755	Mjöltnir	16-828	105,8	120,9	100,2	108,9	20,1	12,2	7,5	30,6	2,5	17,6	133,2
Goði	19-749	Stormur	16-004	103,6	111,5	101,1	105,4	19,8	11,3	7,0	30,9	3,3	18,2	140,6
Böllur	20-753	Amor	17-831	104,7	107,4	101,1	104,4	19,9	11,6	7,5	30,6	2,4	17,6	141,2
Fáni	19-741	Fáfnir	16-995	90,4	110,3	110,4	103,7	18,9	10,9	6,8	31,2	3,0	18,1	130,4
Bangsi	18-775	Tumi	14-002	106,0	98,9	98,6	101,2	20,1	10,5	6,7	30,6	2,8	17,9	143,2
Garri	20-758	Goði	19-749	103,3	58,5	117,2	93,0	19,8	9,6	7,5	32,1	2,8	17,8	140,8
Tímon	20-759	Púmbla	19-748	98,5	72,9	69,5	80,3	19,3	10,6	8,0	29,5	3,1	17,5	133,2
							Meðaltal	19,5	10,9	7,2	30,8	2,8	17,8	135,7

Veturgamall hrútur, Jóki 20-755 undan Mjöltni 16-828 frá Efri-Fitjum stendur hér efstur. Hann sækir yfirburði sína í sláturlömbin bæði kjötmatið og fallþungann. Sýnir hann umtalsverða yfirburði í flokkun gagnvart gerð. Móðir Jóka er dóttir Tvists 14-988 frá Hríshóli.

Suður-Þingeyjarsýsla

Hrifla, Þingeyjarsveit

Nafn	Númer	Faðir Nafn	Faðir Númer	Eink. Fallþ.	Eink. kjötmat	Eink. líflömb	Eink. Heild	Fallþ.	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Spíri	20-040	Landi	17-058	105,4	123,2	127,1	118,6	18,0	10,9	6,4	33,2	2,2	17,8	146,8
Skrámur	20-046	Glámur	16-825	99,9	119,9	135,2	118,3	17,6	10,2	5,7	34,4	2,5	18,0	144,3
Hrókur	18-067	Hroki	15-969	102,2	100,5	127,0	109,9	17,8	10,9	7,2	34,1	2,8	18,3	145,1
Frakki	20-045	Grástakki	17-461	103,7	106,1	115,8	108,5	17,9	10,5	6,5	32,9	2,6	18,1	138,3
Skápur	20-043	Mjölur	16-828	113,4	100,8	98,4	104,2	18,7	10,4	6,6	32,2	2,6	17,8	147,5
Krókur	19-069	Hrókur	18-067	96,8	98,0	115,0	103,3	17,3	10,5	6,9	33,4	2,6	17,8	139,7
Gráni	18-069	Steinn	17-052	94,4	94,6	106,0	98,3	17,2	10,0	6,5	31,8	2,5	18,1	143,4
Díll	19-070	Freri	17-060	89,5	99,1	101,5	96,7	16,7	9,9	6,3	32,6	2,8	17,9	142,4
Kistill	20-044	Mjölur	16-828	99,3	91,4	67,6	86,1	17,5	9,8	6,5	30,6	2,5	17,4	147,6
Hamar	20-041	Smiður	18-065	100,8	83,8	59,1	81,2	17,7	9,5	6,4	31,0	3,4	17,6	141,7
Grettir	18-064	Gutti	13-984	95,5	83,9	61,3	80,2	17,2	9,9	6,8	30,8	3,4	17,8	144,1
							Meðaltal	17,6	10,2	6,5	32,2	2,7	17,9	143,9

Tveir veturgamlir hrútar standa hér nokkuð afgerandi efstir í ár. Spíri 20-040 sýnir yfirburði í öllu þáttum rannsóknarinnar. Sláturlömbin eru 0,4 kg yfir meðaltali í fallþunga, gerð þeirra ein sú besta og fita hóflega. Dætur hans mælast með þykkari bakvöðva og fita á baki sú minnsta í samanburðinum. Faðir Spíra er sonarsonur Dreka 13-953 sem héðan kom á sínum tíma en móðir Spíra er dóttir Lása 13-985 frá Leifsstöðum. Skrámur 20-046 er sonur Gláms 16-825 frá Svartárkoti. Hann á þann gimbrahóp sem mælist með þykkastan bakvöðva og þessar gimbrar stigast jafnframt prýðilega. Gerð og fallþungi sláturlamba er á meðaltali en þessi lömb eru afgerandi fituminni en aðrir hópar. Skrámur sem er aðkeyptur frá Arnarstapa skilaði sér ekki af fjalli í haust. Hrókur 18-067 sonur Hroka 15-969 frá Hesti kemur mjög sterkur út úr mati á lifandi lömbum. Gerð sláturlamba er jafnframt mjög góð en þetta er sá lambahópur sem metinn er fitumestur. Hrókur stóð efstur í afkvæmarannsókn hér 2019 en fituleysi afkvæma virðist ekki vera hans aðalsmerki samkvæmt fenginni reynslu en hann skilar hörku góðri gerð sláturlamba. Móðir Hróks er sonardóttir Báts 07-842 frá Vogum. Frakki 20-045 á þarna glæsilegan gimbrahóp og skilar jafnframt ágætum niðurstöðum hjá sláturlömbum bæði gagnvart fallþunga og flokkun. Frakki er grár að lit og aðkeyptur frá Hlíðarenda. Faðir hans er sonur Dreka 13-953 en móðir hans dóttir Kletts 13-962 frá Borgarfelli.

Kross, Þingeyjarsveit

Nafn	Númer	Faðir Nafn	Faðir Númer	Eink. Fallþ.	Eink. kjötmat	Eink. líflömb	Eink. Heild	Fallþ.	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Koli	20-177	Feigur	19-197	90,3	127,8	125,4	114,5	18,1	11,5	6,9	35,9	3,8	18,6	144,6
Sjóður	16-181	Dreki	13-953	104,8	89,6	120,2	104,8	19,8	10,5	7,7	36,2	4,0	18,5	144,5
Tangi	20-173	Amor	17-831	96,2	118,2	99,4	104,6	18,9	11,0	7,0	33,6	3,3	18,2	145,2
Bógur	20-175	Glámur	16-825	103,9	101,8	105,7	103,8	19,8	11,0	7,7	34,3	3,5	18,4	150,0
Nelson	20-174	Mjöltnir	16-828	103,3	101,4	88,3	97,7	19,6	10,5	7,2	33,5	3,7	18,2	148,8
Moli	20-176	Feigur	19-197	101,7	74,6	99,4	91,9	19,5	9,8	7,6	33,7	2,8	17,8	148,1
Flóði	19-171	Spakur	14-801	97,4	96,2	65,0	86,2	19,1	10,3	7,3	31,5	3,2	18,0	147,5
							Meðaltal	19,3	10,6	7,4	34,1	3,5	18,2	147,0

Hér stendur Koli 20-177 nokkuð afgerandi efstur og sýnir mikla yfirburði bæði í mati á lifandi lömbum og í kjötmatshlutanum en fallþungi er 1,2 kg undir meðaltali. Dæmdar gimbrar undan Kola hafa greinilega verið stórglæsilegar og hann er að skila best gerða sláturlambahópnum sem jafnframt er sá fituminnsti. Koli er sonarsonur Spaks 14-801 frá Oddsstöðum en að baki móður hans standa þeir Kornelíus 10-945 frá Stóru-Tjörnum og Kölski 10-920 frá Svínafelli í annan ættlið. Koli er dökkgrár að lit. Sjóður 16-181 sonur Dreka 13-953 á þann gimbrahóp sem mælist með þykkastan bakvöðva en virðast þær gimbrar ekki hafa verið síður glæsilegar en dætur Kola. Kjötmatseinkunnin er hinsvegar ekki á sama stað þó afkvæmi hans séu einn þroskamesti hópurinn. Móðir Sjóðs er dóttir Garra 11-908 frá Stóra-Vatnshorni.

Ingjaldsstaðir, Þingeyjarsveit

Nafn	Númer	Faðir Nafn	Faðir Númer	Eink. Fallþ.	Eink. kjötmat	Eink. líflömb	Eink. Heild	Fallþ.	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Heimur	20-184	Heimakletts	16-826	96,2	105,2	126,3	109,2	17,8	10,4	6,8	35,3	3,0	18,6	127,4
Loki	20-185	Andvari	19-179	93,5	122,1	111,1	108,9	17,6	10,5	6,3	34,2	2,6	17,9	138,4
Dregill	18-172	Drangi	15-989	99,0	110,6	107,2	105,6	18,1	10,3	6,5	34,3	3,0	18,4	132,5
Grímur	20-182	Búi	15-822	100,5	85,4	106,3	97,4	18,2	10,3	7,4	34,0	3,1	18,3	134,6
Stáli	20-186	Segull	18-171	105,8	92,6	91,1	96,5	18,6	10,2	7,1	34,2	3,1	17,8	134,9
Ási	20-181	Búi	15-822	97,5	109,2	71,2	92,6	17,9	10,4	6,7	32,8	3,5	17,9	132,1
Roði	20-183	Heimakletts	16-826	104,5	77,4	90,4	90,7	18,7	9,9	7,5	34,4	3,6	18,0	136,8
							Meðaltal	18,2	10,3	6,9	34,1	3,1	18,1	134,0

Heimur 20-184 stendur hér efstur en hann er sonur Heimakletts 16-826 frá Hriflu. Hann sækir yfirburði sína fyrst og fremst í mat á lifandi lömbum og sýnir afkvæmahópur hans afgerandi yfirburði. Að baki móður Heims standa þeir Dreki 13-953 frá Hriflu og Bósi 08-901 frá Þóroddsstöðum í annan lið. Loki 20-185 er sá hrútur sem sýnir mesta yfirburði í kjötmatseinkunn og liggur það fremur í minni fitu en hjá öðrum hópum heldur en yfirburðum í gerð en gerðarmat í þessari rannsókn er í raun mjög jafnt á milli hópanna. Loki er nú til heimilis að Rauða en faðir hans er sonur Fáfnis 16-995 frá Mýrum 2 en móðir hans dóttir Putta 11-921 frá Álftavatni.

Yzti-Hvammur, Þingeyjarsveit

Nafn	Númer	Faðir Nafn	Faðir Númer	Eink. Fallþ.	Eink. kjötmat	Eink. líflömb	Eink. Heild	Fallþ.	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Móði	20-145	Muninn	16-840	103,4	117,2	126,4	115,6	17,7	12,1	6,9	32,8	3,1	18,4	144,2
Stórval	20-111	Hólkur	15-823	99,7	106,8	128,2	111,6	17,2	11,2	6,8	31,9	2,6	18,3	143,9
Meistari	20-148	Kapall	16-869	97,3	112,5	109,6	106,5	17,0	11,8	7,1	31,8	3,3	18,1	150,2
Draugur	20-143	Vestri	16-144	95,3	122,1	99,2	105,5	16,7	11,8	6,7	30,1	2,8	18,2	151,0
Snær	19-152	Hlíðar	15-570	98,0	117,4	94,2	103,2	17,1	11,8	7,0	30,8	3,3	18,0	148,6
Loki	19-151	Muninn	16-840	106,5	98,6	91,7	98,9	17,8	11,2	7,0	30,9	3,4	18,2	146,1
Skápur	20-146	Reykur	16-147	95,7	104,8	63,9	88,2	16,8	11,2	6,9	27,9	2,8	17,8	143,6
Jóker	19-153	Snúður	16-143	100,2	55,1	84,0	79,8	17,3	10,3	7,6	30,0	2,9	17,8	148,9
Meðaltal								17,3	11,3	7,1	30,8	3,0	18,1	147,3

Móði 20-145 stendur efstur með yfirburði í öllum þáttum rannsóknarinnar. Hann er sonur Munins 16-840 sem héðan var fenginn á sæðingastöð. Móði á þann gimbrahóp sem mælist með afgerandi þykkastan bakvöðva og stigast best fyrir frampart og læri. Sláturlambahópurinn er jafnframt sá hópur sem skorar hæst fyrir gerðina og fallþunginn er vel yfir meðaltali. Næstur kemur Stórval 20-111 sonur Hólks 15-823 frá Brekku. Hann á einnig mjög glæsilegan gimbrahóp en sláturlömbin endurspeglar það ekki með sama hætti og hjá Móða. Eigi að síður flokkast afkvæmi hans ljómandi vel miða við fallþunga. Stórval er frá Hvoli í Aðaldal og þar til heimilis. Meistari 20-148 sonur Kapals 16-869 frá Hvoli er að skila afbragðsgóðri gerð miða við 17,0 kg fallþunga. Meistari er frá Bergstöðum í Aðaldal og móðir hans dóttir Gríms 14-955 frá Ytri-Skógum.

Litlu-Reykir í Reykjahverfi

Nafn	Númer	Faðir Nafn	Faðir Númer	Eink. Fallþ.	Eink. kjötmat	Eink. líflömb	Eink. Heild	Fallþ.	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Öxull	19-068	Fáfnir	16-995	102,4	122,4	140,6	121,8	17,7	11,7	6,7	33,7	2,6	18,5	146,1
Skápur	19-069	Durtur	16-994	104,8	117,6	109,0	110,5	17,9	12,0	7,2	31,5	2,3	18,3	154,9
Bjartur	19-081	Köngull	18-059	97,8	111,4	112,7	107,3	17,4	12,2	7,7	31,9	2,7	18,3	152,2
Plástur	19-071	Arfi	16-039	103,4	97,1	107,1	102,6	17,8	12,0	8,0	31,6	2,5	18,3	153,3
Klakkur	20-088	Aspar	17-324	104,6	108,5	93,2	102,1	18,0	11,9	7,4	30,7	2,4	18,3	140,7
Klassi	18-058	Skapti	17-046	97,4	95,5	109,4	100,8	17,3	11,5	7,5	31,5	2,7	18,5	146,6
Barki	20-083	Öxull	19-068	90,1	115,5	88,7	98,1	16,7	11,6	7,0	30,7	3,0	18,5	152,6
Kerfill	20-081	Öxull	19-068	99,3	94,4	96,9	96,9	17,5	11,4	7,6	30,8	2,3	18,1	150,3
Ökli	20-087	Raftur	19-102	94,3	83,8	104,0	94,0	16,9	10,5	7,1	31,0	2,1	18,1	152,5
Sveipur	17-053	Kambur	16-038	103,3	99,7	75,2	92,7	17,8	11,6	7,4	30,4	3,0	18,5	144,9
Kíkir	20-085	Suddi	17-872	105,8	70,5	90,7	89,0	18,1	10,5	7,5	31,0	3,0	18,4	149,5
Marbendill	20-086	Uggi	19-070	99,5	84,9	77,7	87,3	17,5	11,0	7,6	30,0	2,5	17,9	148,7
Beykir	20-082	Plástur	19-071	95,8	83,9	79,3	86,3	17,1	11,1	7,7	29,9	2,4	18,0	145,8
Meðaltal								17,5	11,6	7,5	31,2	2,6	18,3	149,5

Öxull 19-068 sem er sonur Fáfnis 16-995 frá Mýrum 2 stendur hér afgerandi efstur með mikla yfirburði bæði í mati á lifandi lömbum og í kjötmatshlutanum. Dætur hans mælast með langþykkastan bakvöðva og glæsigríp á öðrum leyti. Gerð sláturlamba er um meðaltal rannsóknarinnar en fita á þessum lömbum er afgerandi minni en á öðrum hópum. Móðir Öxuls er sonardóttir Snævars 10-875 frá Hesti. Skápur 19-069 sonur Durts 16-994 frá Hesti kemur

næstur og er hann að skila glæsilegu kjötmati hjá afkvæmum sínum og bæði fallþungi og þykkt bakvöðvans er vel yfir meðaltali rannsóknarinnar. Bjartur 19-081 á best gerða sláturlambahópin en þessi lömb eru jafnframt í feitari kantinum þó fallþungi sé í tæpu meðallagi. Af stöðvahrútum standa þeir Grímur 14-955 frá Ytri-Skógum og Kölski 10-920 frá Svínafelli næstir að baki Bjarti í þriðja ættlið. Bjartur átti einnig best gerða lambahópin í afkvæmarannsókn hér árið 2020.

Þverá í Reykjahverfi

Nafn	Númer	Faðir Nafn	Faðir Númer	Eink. Fallþ.	Eink. kjötmat	Eink. líflömb	Eink. Heild	Fallþ.	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Stubbur	19-307	Suddi	17-872	90,7	132,1	118,7	113,8	16,4	11,0	6,7	30,3	2,6	17,9	149,3
Tóti	20-311	Suddi	17-872	106,4	115,1	107,1	109,5	17,8	10,1	6,6	30,9	2,9	17,4	144,3
Baukur	20-319	Demantur	19-082	98,4	94,5	118,3	103,7	17,2	9,8	7,0	30,8	2,6	17,9	149,7
Svelgur	20-318	Náttfari	18-102	99,9	111,0	98,4	103,1	17,3	10,1	6,7	30,0	2,8	17,4	146,7
Bútur	20-316	Hnikill	18-053	116,3	99,8	84,4	100,2	18,5	10,1	7,1	29,0	2,6	17,3	146,6
Hamar	20-312	Hólkur	15-823	98,3	92,1	94,7	95,0	17,2	9,5	6,8	29,5	2,8	17,7	147,3
Bylur	19-301	Jökull	18-391	92,9	82,1	95,3	90,1	16,8	8,9	6,6	29,9	2,8	17,5	145,2
Skodi	20-310	E-bútur	19-122	92,0	79,7	85,3	85,7	16,5	8,9	6,8	29,2	2,4	16,8	150,1
							Meðaltal	17,3	9,8	6,8	30,0	2,7	17,5	147,1

Stubbur 19-307 sýnir hér mikla yfirburði í gerð hjá sláturlömbum og kemur auk þess vel út í mati á lifandi lömbum. Fallþungi er hinsvegar 0,9 kg undir meðaltali rannsóknarinnar. Stubbur er aðkeyptur frá Skarðaborg og faðir hans Suddi 17-872 nú kominn í þjónustu sæðingastöðvanna. Móðir Stubbs er sonardóttir Tenórs 08-873 frá Geirmundarstöðum. Stubbur stóð einnig efstur í afkvæmarannsókn hér árið 2020. Tóti 20-311 sem er hálfbróðir Stubbs að föðurnum kemur næstur en skilar svolítið ólíkum niðurstöðum. Sláturlömb undan honum eru 0,5 kg yfir meðaltali í fallþunga en þau eru samt nærri heilum lægri í gerð en afkvæmi Stubbs. Dætur Tóta mælast með þykkasta bakvöðvann í rannsókninni. Tóti er líkt og Stubbur aðkeyptur frá Skarðaborg og er móðir hans dóttir Bósa 08-901 frá Þóroddsstöðum.

Norður-Þingeyjarsýsla

Sandfellshagi 1 í Öxarfirði

Nafn	Faðir Númer	Faðir Nafn	Faðir Númer	Eink. Fallþ.	Eink. kjötmat	Eink. líflömb	Eink. Heild	Fallþ.	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Lási	19-215	Bjálki	18-705	100,9	119,3	117,5	112,6	17,2	10,2	5,5	29,7	2,4	17,5	142,3
Kebab	19-209	Askur	17-403	97,6	108,0	129,5	111,7	16,9	10,4	6,0	30,0	2,4	17,6	149,6
Kópur	19-214	Durtur	16-994	106,0	105,7	103,6	105,1	17,6	10,8	6,6	29,2	2,5	17,3	151,1
Ríki	20-715	Bjálki	18-705	98,9	95,7	103,7	99,4	17,1	10,0	6,0	28,4	2,4	17,7	146,2
Hvellur	18-702	Gutti	13-984	102,5	99,9	91,5	98,0	17,3	10,0	6,0	28,0	2,2	17,1	143,4
Kubbur	20-713	Kópur	19-214	95,7	100,1	83,5	93,1	16,9	10,6	6,5	27,4	2,3	17,1	148,5
Dældur	20-716	Hvellur	18-702	102,7	84,6	73,0	86,8	17,4	9,7	6,2	27,3	2,4	17,0	145,4
Vaskur	20-717	Askur	17-403	92,1	86,1	78,7	85,6	16,6	9,6	6,0	27,3	2,5	17,1	150,7
							Meðaltal	17,2	10,2	6,2	28,7	2,4	17,3	147,2

Lási 19-215 stendur hér efstur með hagstæðar niðurstöðum bæði í mati á lifandi lömbum og í kjötmatshlutanum en fallþungi er á meðaltali. Lási virðist sameina sérlega vel góða gerð en litla fitu. Faðir hans er dóttursonur Grábotna 06-833 frá Vogum en móðurfaðir hans er sonur Lása 13-985 frá Leifsstöðum. Lási var í öðru sæti í afkvæmarannsókn hér 2020. Kebab 19-209 á þann gimbrahóp sem mælist með þykkastan bakvöðva og þessar gimbrar stigast jafnframt vel. Flokkun sláturlamba er í hagstæðari kantinum í þessari rannsókn. Kebab er frá Klifshaga 2 og er sonarsonur Gróða 11-958 frá Hólsgærði. Hann var meðal þátttakenda í afkvæmarannsókn á vegum stöðvanna sem fram fór í Sveinungsvík og kom þar nokkuð vel út en sonur hans Kurdo 20-208 reyndist þó efnilegri kynbótahrútur og var hann valinn til þjónustu á stöðvunum. Kópur 19-214 sonur Durts 16-994 frá Hesti átti best gerða sláturlambahópinn en þessi lömb voru jafnframt metin feitasti afkvæmahópurinn í þessum samanburði. Móðir Kóps er dóttir Saums 12-915 frá Ytri-Skógum og dótturdóttir Grábotna 06-833 frá Vogum.

Garður í Þistilfirði

Nafn	Númer	Faðir Nafn	Faðir Númer	Eink. Fallþ.	Eink. kjötmat	Eink. líflömb	Eink. Heild	Fallþ.	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Valur	19-255	Svali	18-251	97,1	147,5	106,3	117,0	16,2	10,4	5,1	30,4	2,7	17,2	134,9
Grettir	20-253	Baddi	19-256	97,8	88,6	119,7	102,0	16,2	8,8	5,7	31,5	2,8	17,3	139,2
Rómur	20-258	Snar	18-846	100,6	104,5	96,9	100,7	16,5	9,7	5,8	29,4	2,7	17,1	135,8
Snöggur	20-257	Snar	18-846	101,0	104,2	95,2	100,2	16,5	9,4	5,5	29,0	2,6	17,1	136,3
Baddi	19-256	Hamar	16-104	106,1	75,3	119,0	100,1	16,9	9,0	6,0	30,9	2,1	16,9	134,8
Hlunkur	20-251	Valur	19-255	99,9	93,7	102,4	98,7	16,4	9,3	5,8	29,3	2,5	17,4	133,8
Þessi	19-204	Banni sve	18-203	103,8	100,3	87,9	97,3	16,7	9,6	5,8	28,6	2,3	16,9	139,5
Tvinni	20-250	Tvistur	18-261	97,7	83,9	92,6	91,4	16,2	9,3	6,2	28,9	2,5	17,1	140,3
Askur	20-254	Krappur	18-256	93,8	77,0	80,8	83,9	15,9	8,6	5,8	28,0	2,4	17,1	138,2
							Meðaltal	16,4	9,5	5,7	29,5	2,5	17,1	136,7

Valur 19-255 stendur hér afgerandi efstur í heildina en hann sækir mikið af yfirburðum sínum í kjötmatshlutann. Gerð sláturlamba undan Val er sú langbesta í rannsókninni um leið og fita á þeim er sú minnsta. Faðir Vals er aðkeyptur frá Hagalandi en hann rekur einnig ættir sínar að Gunnarsstöðum og Flögu. Móðir Vals er dótturdóttir Saums 12-915 frá Ytri-Skógum. Grettir 20-253 á þann gimbrahóp sem mælist með þykkastan bakvöðva en hann kemur ekki með afgerandi niðurstöður að öðru leyti. Faðir Grettis er aðkeyptur frá Svalbarði og rekur ættir sínar til Drumbs 10-918 frá Bjarnastöðum í báðar ættir.

Múlasýslur

Melar í Fljótsdal

Nafn	Faðir Númer	Faðir Nafn	Faðir Númer	Eink. Fallþ.	Eink. kjötmat	Eink. líflömb	Eink. Heild	Fallþ.	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Bogi	18-115	Baugur	16-114	98,2	105,7	109,2	104,4	18,3	10,2	6,7	29,9	2,7	17,8	136,2
Viddi	20-115	Viddi	16-820	99,4	95,6	106,7	100,5	18,4	9,3	6,3	29,7	2,7	17,8	138,9
Plútó	20-113	Plútó	14-973	97,2	109,2	92,1	99,5	18,1	10,8	7,1	28,9	3,1	17,8	136,6
Sigur	20-111	Sigurbogi	16-110	105,2	92,1	94,0	97,1	19,0	9,6	6,8	29,3	2,9	17,7	141,5
Bliki	20-112	Bliki	16-819	100,2	94,8	95,4	96,8	18,4	9,4	6,5	28,9	2,3	17,5	142,3
							Meðaltal	18,4	9,9	6,7	29,4	2,7	17,7	138,7

Hér er ekki mikill munur á milli afkvæmahópa en efstur stendur Bogi 18-115 sem er eini eldri hrúturinn í rannsókninni. Hann er sonarsonur Baugs 10-889 frá Efstu-Grund en móðir hans er sonardóttir Svala 10-862 frá Melum 1 í Árneshreppi. Plútó 20-113 sonur Plútós 14-973 frá Heydalsá á best gerða sláturlambahópinum sem er um leið sá feitasti. Móðir yngri Plútós er dóttir Krapa 13-940 frá Innri-Múla.

Rauðholt í Hjaltastaðapinghá

Nafn	Faðir Númer	Faðir Nafn	Faðir Númer	Eink. Fallþ.	Eink. kjötmat	Eink. líflömb	Eink. Heild	Fallþ.	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Snöggur	20-487	Haukur	18-449	95,9	157,6	103,5	119,0	18,2	10,5	6,0	32,8	2,8	17,6	132,4
Baukur	19-469	Drjúgur	17-808	98,7	122,6	101,6	107,6	18,5	9,8	5,9	32,6	3,1	17,6	140,5
Haukur	18-449	Trefill	17-435	101,8	113,5	107,3	107,5	18,7	9,8	5,8	32,4	2,7	17,8	133,2
Kuti	19-464	Vákur	18-448	103,0	114,2	92,1	103,1	18,8	9,8	6,0	32,1	2,9	17,4	141,6
Snarpur	20-488	Haukur	18-449	98,3	103,8	102,3	101,4	18,4	9,5	5,7	32,6	3,1	17,8	137,6
Sokkur	17-432	Castro	16-416	106,4	84,8	111,7	100,9	19,3	9,4	5,7	32,6	2,4	17,6	133,8
Snjall	20-491	Stapi	16-829	99,7	84,6	104,9	96,4	18,6	9,2	6,5	33,4	3,2	17,7	135,9
Drjúgur	20-489	Baukur	19-469	99,8	86,0	85,4	90,4	18,6	9,2	6,7	31,6	2,9	17,4	129,8
Mikill	20-490	Mávur	15-990	102,3	64,8	103,9	90,3	18,8	8,9	6,2	32,6	2,8	17,8	133,7
Frækinn	20-492	Völlur	18-835	94,1	44,6	88,3	75,7	18,0	8,1	6,0	32,3	3,2	17,5	128,3
							Meðaltal	18,6	9,5	6,0	32,5	2,9	17,6	135,7

Veturgamall hrútur, Snöggur 20-487 stendur hér talsvert ofar öðrum hrútum í þessum samanburði. Snöggur sækir yfirburði sína nær eingöngu í kjötmatshlutann en afkvæmi hans erum einum heilum yfir meðaltali í gerð. Faðir hans Haukur 18-449 stóð efstur í afkvæmarannsóknunum hér bæði 2019 og 2020 en verður nú að sætti sig við þriðja sætið. Foreldrar Snöggs rekja bæði báðar ættir sínar til Grábotna 06-833 frá Vogum þannig að Grábotni á talsvert í þessum efnilega hrút. Líkt og 2020 skipar Baukur 19-469 sonur Drjúgs 17-808 frá Hesti, annað sætið. Hann sækir yfirburði sína nær eingöngu í kjötmatshlutann. Haukur 18-449 skipar síðan þriðja sætið að þessu sinni en hann sannar nú enn ágæti sitt með prýðilegan lambhóp og síðan er það sonur hans Snöggur 20-487 sem slær föður sínum nú ref fyrir rass. Haukur er sonarsonur Dreka 13-953 frá Hriflu.

Eiríksstaðir í Berufirði

Nafn	Númer	Faðir Nafn	Faðir Númer	Eink. Fallþ.	Eink. kjötmat	Eink. líflömb	Eink. Heild	Fallþ.	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Eldar	19-003	Dúlli	17-813	101,3	137,2	117,6	118,7	18,6	12,1	7,5	33,8	3,1	18,0	138,4
Túpilak	19-006	Dúlli	17-813	106,9	130,8	99,4	112,4	19,0	11,4	7,1	32,1	2,8	17,8	142,8
Undri	17-014	Fannar	14-972	107,2	100,4	111,1	106,2	18,9	10,4	7,2	32,0	2,6	18,0	139,3
Þrasi	19-008	Fáfnir	16-995	99,2	117,3	95,3	103,9	18,4	10,4	6,6	30,9	2,3	17,8	137,0
Salomon	20-515	Glæpon	17-809	109,0	92,8	109,6	103,8	19,2	10,0	7,1	32,2	2,6	17,8	141,0
Pipar	20-514	Glæpon	17-809	90,0	122,4	96,1	102,8	17,5	10,6	6,5	31,5	2,7	17,7	131,0
Ísar	20-511	Náli	15-806	93,4	98,3	75,3	89,0	18,0	9,5	6,4	30,6	2,7	17,3	140,3
Jarfi	20-512	Völlur	18-835	85,6	79,8	100,8	88,7	17,4	9,2	6,6	32,1	2,5	17,5	137,3
Múhamed	20-513	Guðni	17-814	104,3	55,7	90,7	83,6	18,8	8,9	7,2	31,6	2,8	17,7	141,5
							Meðaltal	18,5	10,1	6,9	31,9	2,7	17,7	139,1

Hér stendur efstur tveggja vetra hrútur, Eldar 19-003 sonur Dúlla 17-813 frá Miðdalsgröf. Eldar sýnir mikla yfirburði í gerð sláturlamba, þetta er feitasti hópurinn en vænleiki þeirra er á meðaltali. Í mati á lifandi lömbum mælast dætur Eldars með þykkastan bakvöðva en þar er fita á baki einnig sú mesta þó hún sé langt frá því að vera mikil. Móðir hans er dóttir Radix 10-931 frá Hjarðarfelli en móðurmóðir er hyrnd ær og rekur hún sig í þá Grábotna 06-833 frá Vogum og Þráð 06-996 frá Hesti. Túpilak 19-006 er annar sonur Dúlla 17-813 en sláturlömb undan honum eru heldur vænni en hjá hálfbróður hans Eldari en um leið fituminni. Gerð þeirra er sú næst besta í rannsókninni. Móðir Túpilaks er einnig dóttir Radix 10-931 frá Hjarðarfelli en móðurmóðir er keypt frá Húsavík á Ströndum sonardóttir Dolla 09-892 frá Heydalsá. Undri 17-014 sonur Fannars 14-972 frá Heydalsá kemur vel út úr mati á lifandi lömbum og skilar góðum vænleika í sláturlömbum. Móðir Undra er dóttir Stera 07-855 frá Árbæ. Veturgamli hrúturinn Pipar 20-514 sem er sonur Glæpons 17-809 frá Hesti er að skila athygliverðum niðurstöðum í kjötmatshlutanum en fallþungi er 1 kg undir meðaltali. Gerð þessara lamba er mjög góð miða við fallþungann. Pipar er dóttursonur Kletts 13-962 frá Borgarfelli.

Austur-Skaftafellssýsla

Hvammur í Lóni

Nafn	Númer	Faðir Nafn	Faðir Númer	Eink. Fallþ.	Eink. kjötmat	Eink. líflömb	Eink. Heild	Fallþ.	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Sæli	19-467	Frosti	14-987	97,8	120,0	123,6	113,8	16,7	11,3	7,2	31,0	3,1	18,1	152,5
Svartur	17-455	Klettur	13-962	105,6	102,1	122,9	110,2	17,3	10,4	6,9	30,4	2,4	17,4	148,5
Möller	20-469	Svavar	16-830	103,4	93,7	112,2	103,1	17,2	9,6	6,4	30,3	2,7	17,5	146,9
Kaldi	20-471	Mávur	15-990	86,0	104,3	107,2	99,2	15,0	9,2	5,6	28,9	2,5	17,7	150,0
Keli	20-475	Svartur	17-455	99,8	86,1	105,9	97,3	16,8	9,5	6,7	30,4	2,9	17,5	151,5
Carlsberg	20-470	Köggull	17-810	96,8	98,2	90,6	95,2	16,4	9,8	6,5	29,5	3,4	17,6	158,1
Tóti	20-473	Tangi	18-461	101,7	92,5	81,1	91,8	17,0	9,9	6,8	28,2	2,6	17,1	152,0
Víðir	20-472	Stapi	16-829	106,3	77,2	56,5	80,0	17,5	9,9	7,4	28,6	3,8	17,2	150,6
							Meðaltal	16,8	10,3	6,9	29,7	2,9	17,5	151,2

Sæli 19-467 stendur efstur í ár en hann er sonur Frosta 14-987 frá Ketilseyri. Afkvæmi Sæla sýna mikla yfirburði bæði í mati á lifandi lömbum og í kjötmatshlutanum en fallþungi er í tæpu meðallagi. Móðir Sæla er sonardóttir Drumbs 10-918 frá Bjarnastöðum og dótturdóttir Gosa 09-850 frá Ytri-Skógum. Næstur í röðinni er Svartur sem nú ber númerið 17-873 eftir að hann varð stöðvahrútur. Svartur hefur staðið efstur hér í afkvæmarannsóknnum sl. þrjú ár en verður nú að standa upp úr toppsætinu fyrir Sæla. Ættum Svarts hefur áður verið lýst og jafnframt vísað á nýjustu hrútaskrána varðandi upplýsingar um þann ágæta grip.

Nýpugarðar á Mýrum

Nafn	Númer	Faðir Nafn	Faðir Númer	Eink. Fallþ.	Eink. kjötmat	Eink. líflömb	Eink. Heild	Fallþ.	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Fjandi	16-558	Skratti	12-913	112,8	87,3	136,8	112,3	17,8	10,2	7,6	32,3	2,9	17,6	162,1
Lækur	18-581		15-754	101,0	103,6	131,8	112,2	16,9	10,5	7,4	32,8	3,4	17,9	155,8
Nonni litli	19-588	Mói	17-001	96,6	129,9	107,7	111,4	16,6	10,5	6,6	30,2	2,8	17,7	150,7
Svarti Pétur	20-593	Glæpon	17-809	94,4	128,4	109,3	110,7	16,3	11,0	6,8	30,6	3,2	17,9	145,3
Logi	20-591	Bruni	17-832	89,2	121,9	120,3	110,5	16,0	9,7	5,9	30,5	2,4	17,7	146,3
Ljómi	17-569	Bjartur	15-967	110,0	90,4	123,6	108,0	17,6	10,2	7,5	32,5	3,4	17,6	158,1
Krókur	15-755	Lækur	13-928	102,7	92,3	117,3	104,1	17,1	9,5	6,9	32,1	3,5	17,8	159,4
Hrímnir Geðvor	19-587		12-530	106,8	97,3	92,6	98,9	17,4	10,2	7,3	30,5	2,9	17,0	163,3
Þjófur	20-597	Glæpon	17-809	89,9	99,6	88,8	92,8	16,0	9,7	6,8	29,5	2,7	17,2	153,9
Rani	20-595	Völlur	18-835	84,6	98,8	72,5	85,3	15,4	9,2	6,4	28,5	3,3	17,3	143,7
Höfði	20-592	Stapi	16-829	93,6	95,2	64,0	84,3	16,4	9,2	6,5	28,4	3,2	17,2	146,8
Krimmi	20-594	Glæpon	17-809	107,0	77,8	66,9	83,9	17,4	9,6	7,4	29,0	3,3	17,4	150,3
	20-589	Stapi	16-829	94,6	89,9	66,2	83,6	16,4	9,5	7,0	28,6	3,2	17,2	155,9
Massi	20-596	Köggull	17-810	107,1	75,2	63,7	82,0	17,5	9,4	7,4	28,9	4,2	17,8	143,3
							Meðaltal	16,9	9,9	7,0	30,6	3,2	17,6	153,5

Að þessu sinni er enginn einn hrútur afgerandi bestur en allnokkrir hrútar sýna talsverða yfirburði í einhverjum þáttum rannsóknarinnar. Efstur í heildina stendur fullorðinn hrútur Fjandi 16-558 sem er sonur Skratta 12-913 frá Hesti. Þessi hrútur tók þátt í afkvæmarannsókn hér veturgamall en hefur ekki komið við sögu í árlegum afkvæmarannsóknnum síðan fyrir en nú. Hann hefur samt verið talsvert notaður öll árin og komið vel út sem lambafaðir. Upplýsingar

um ríflega 200 sláturlömb, fallþungi 17,2 kg, gerð 10,5 og fita 7,3 í heildina fyrir 5 ár. Hann sækir yfirburði sýna nú að mestu í mat á lifandi lömbum og fær þar bestan vitnisburð hrútanna í rannsókninni. Þetta er nokkuð stór hópur eða 23 gimbrar. Fallþungi sláturlamba er 0,9 kg yfir meðaltali. Fjandi er dóttursonur Kvists 07-866 frá Klifmýri. Lækur 18-581 kemur næstur í heildareinkunn en hann sækir yfirburði sína nær eingöngu í mat á lifandi lömbum. Dætur hans mælast með þykkastan bakvöðva og stigast einnig einna best fyrir læri. Þetta endurspeglast í góðri gerð sláturlamba en fita er svolítið yfir meðaltalinu. Lækur stóð efstur í afkvæmarannsókn hér árið 2020. Lækur er sonarsonur Læks 13-928 frá Ytri-Skógum og að baki móður hans í annan lið standa þeir Fannar 07-808 frá Ytri-Skógum og Þrjónn 07-812 frá Hesti. Nonni litli 19-588 kemur næstur en yfirburðir hans liggja að mestu í kjötmatshlutanum. Þessi hrútur var einnig í þriðja sæti hér árið 2020 en í ár var hann eingöngu notaður á ær á öðrum vetri. Nonni litli er svartfleckóttur en Móí faðir hans er aðkeyptur frá Ólafi Helga Ólafssyni í Ólafsvík. Svarti-Pétur 20-593 er sá hrútur sem skilar best gerða sláturlambahópnum og dætur hans jafnframt einna hæst stigaðar fyrir læri. Þessi efnilegi hrútur er sonur Glæpons 17-809 frá Hesti en móðir hans er dóttir Mávs 15-990 frá Mávahlíð. Afkvæmi Loga 20-591 koma vel út úr mati á lifandi lömbum en fallþungi sláturlamba er 0,9 kg undir meðaltali en afgerandi lítil fita á þeim styður þau upp á við í kjötmatseinkunn. Logi er sonur Bruna 17-832 frá Sveinungsvík og móðir hans sonardóttir Kjarna 13-927 frá Brúnastöðum. Að lokum skal nefndur til sögunnar Ljómi 17-569 sem er sonur Bjarts 15-967 frá Ytri-Skógum. Hann á ljómandi góðan gimbrahóp og gerð sláturlamba er í betra lagi. Fallþungi er 0,7 kg yfir meðaltali en þessi lömb eru í feitari kantinum sem dregur kjötmatseinkunn niður. Ljómi var í öðru sæti í afkvæmarannsóknnum hér bæði 2018 og 2019. Móðir Ljóma er sonardóttir Fannars 07-808 frá Ytri-Skógum.

Smyrlabjörg í Suðursveit

Nafn	Númer	Faðir Nafn	Faðir Númer	Eink. Fallþ.	Eink. kjötmat	Eink. líflömb	Eink. Heild	Fallþ.	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
	20-002	Stapi	16-829	108,6	113,1	142,7	121,5	17,3	11,1	7,3	31,1	2,5	18,0	145,6
	20-003	Glámur	16-825	108,3	98,1	109,6	105,3	17,2	10,4	7,2	29,8	2,8	17,4	149,0
	20-001	Búi	15-822	97,4	104,7	99,9	100,7	16,3	9,4	6,0	29,0	2,5	17,4	147,0
Höfði	15-001	Höfðingi	10-919	94,1	99,2	93,0	95,4	16,1	9,5	6,3	28,9	3,0	17,5	147,1
	20-004	selsmóri	15-384	96,6	87,6	49,5	77,9	16,2	9,3	6,5	26,8	3,3	16,9	146,7
							Meðaltal	16,5	9,8	6,5	29,2	2,8	17,4	147,1

Naggur 20-002 sem er sonur Stapa 16-829 frá Kirkjubæjarklaustri 2 ber hér langt af öðrum hrútum. Dætrahópur hans er áberandi glæsilegastur og sama mynd blasir við í kjötmatinu, sláturlömbin bera talsvert af öðrum hópum í gerð en eru jafnframt feitasti hópurinn en um leið sá vænsti. Baugur 20-003 er sá hrútur sem kemur næstur og er hann sonur Gláms 16-825 frá Svartárkoti.

Vestur-Skaftafellssýsla

Giljur í Mýrdal

Nafn	Númer	Faðir Nafn	Faðir Númer	Eink. Fallþ.	Eink. kjötmat	Eink. líflömb	Eink. Heild	Fallþ.	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Stuðull	20-264	Stapi	16-829	92,6	122,2	117,4	110,7	16,3	9,5	5,7	30,9	3,3	17,8	146,8
Massi	19-241	Gemsi	18-231	95,9	99,0	123,0	106,0	16,5	8,9	6,0	31,2	3,2	17,9	151,3
Púði	19-248	Dúlli	17-813	120,9	101,2	91,9	104,7	19,0	9,5	6,4	28,9	2,9	17,5	150,8
Runni	20-260	Bruni	17-832	107,7	100,8	98,6	102,4	17,5	9,2	6,2	29,4	3,0	17,6	151,1
Toppur	19-243	Tindur	17-313	87,7	96,0	99,4	94,4	15,8	8,7	5,9	30,1	3,6	17,8	145,5
Vörður	20-261	Völlur	18-835	106,3	81,4	90,2	92,6	17,4	9,0	6,6	29,8	3,3	17,2	146,3
Broddi	20-259	Barri	18-240	89,1	97,1	79,7	88,6	15,8	9,1	6,3	29,3	3,9	17,3	141,7
							Meðaltal	16,9	9,1	6,1	29,9	3,3	17,6	147,7

Stuðull 20-264 undan Stapa 16-829 frá Kirkjubæjarklaustri 2 stendur hér efstur í heildina. Kemur hann vel út úr bæði mati á lifandi lömbum og kjötmatshlutanum en fallþungi er 0,6 kg undir meðaltali rannsóknarinnar. Stuðull er aðkeyptur frá Efstu-Grund undir Eyjafjöllum og er móðir hans sonardóttir Kölska 10-920 frá Svínafelli. Massi 19-241 stóð hér efstur 2020 en er nú í öðru sæti. Yfirburði sína nú sækir hann eingöngu í mat á lifandi lömbum en dætur hans mælast með þykkastan bakvöðva. Massi er kollóttur og rekur ættir sínar að mestu í heimaræktun á Giljum þó aðkeypta gripi og stöðvahrúta megi finna þegar fjær dregur í ættartrénu. Púði 19-248 sonur Dúlla 17-813 frá Miðdalsgröf sýnir mikla yfirburði í fallþungaeinkunn enda afkvæmi hans 2,1 kg yfir meðaltali rannsóknarinnar. Móðir Púða er dóttir Fannars 14-972 frá Heydalsá. Púði kom einnig dável út í afkvæmarannsókninni hér árið 2020.

Rangárvallasýsla

Teigur 1 í Fljótshlíð

Nafn	Númer	Faðir Nafn	Faðir Númer	Eink. Fallþ.	Eink. kjötmat	Eink. líflömb	Eink. Heild	Fallþ.	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Grikkur	20-300	Glæpon	17-809	104,8	101,3	133,2	113,1	18,8	10,1	6,7	32,1	3,0	18,1	150,3
Draugur	18-390	Dreki	13-953	106,2	113,3	114,9	111,5	18,8	9,9	6,1	29,5	2,4	18,0	144,9
Bóndi	20-436	Búi	15-822	104,6	130,0	93,9	109,5	18,8	10,7	6,3	28,8	2,6	17,6	147,7
Oddur	20-438	Spakur	14-801	100,1	116,3	110,4	108,9	18,4	10,8	6,9	29,7	2,5	17,7	145,6
Steggur	20-393	Bliki	16-819	97,9	110,6	100,6	103,0	18,2	10,4	6,6	29,0	2,7	17,9	148,9
Glampi	20-304	Draugur	18-390	100,3	103,0	90,7	98,0	18,5	9,7	6,3	28,6	2,4	17,5	150,8
Mörður	20-302	Garpur	15-392	97,7	97,6	92,3	95,9	18,2	10,1	6,9	28,7	2,4	17,4	152,9
Stólpi	20-301	Stapi	16-829	96,6	87,4	101,2	95,1	18,2	9,5	6,6	29,6	3,0	17,9	151,2
Frægur	20-027	Frami	19-303	95,6	84,2	100,2	93,3	18,1	9,5	6,8	29,3	2,5	17,5	151,6
Bás	20-435	Blossi	16-837	95,9	78,2	101,9	92,0	18,1	9,4	7,0	29,5	2,8	17,7	145,2
Þrjótur	17-396	Kölski	10-920	97,1	90,5	84,6	90,8	18,2	9,8	6,8	29,3	3,1	17,4	151,3
Staur	20-303	Stapi	16-829	100,2	82,0	76,3	86,2	18,4	9,5	6,9	29,4	3,5	17,2	147,6
							Meðaltal	18,4	9,9	6,6	29,5	2,7	17,7	149,0

Í ár er gerð hér upp nokkuð umfangsmikil afkvæmarannsókn og eru flestir hrútarnir veturgamlir. Efstur stendur Grikkur 20-300 undan Glæponi 17-809 frá Hesti. Grikkur sækir yfirburði sína nær eingöngu í mat á lifandi lömbum og eru dætur hans að mælast með afgerandi þykkastan bakvöðva og eru hæst stigaðar fyrir læri. Þessir yfirburðir endurspeglast ekki í kjötmatinu en það er samt ljómandi gott sem og vænleiki lambanna. Grikkur er dóttursonur Kletts 13-962 frá Borgarfelli. Líkt og haustið 2020 skipar Draugur 18-390 annað sætið en þessi hrútur er sonur Dreka 13-953 frá Hriflu. Draugur sýnir talsverða yfirburði í öllum þáttum rannsóknarinnar og afkvæmi hans áberandi fitulítill miða við fallþungann. Draugur er dóttursonur Gaur 09-879 frá Bergstöðum á Vatnsnesi. Bóndi 20-436 sonur Búa 15-822 frá Lækjarvöllum er að skila mjög hagstæðu kjötmati og fær enginn hrútur í rannsókninni hærra einkunn í kjötmatshlutanum. Móðir Bóna er dótturdóttir Gosa 09-850 frá Ytri-Skógum. Oddur 20-438 sonur Spaks 14-801 frá Oddstöðum er sá hrútur sem fær hæsta mat á gerð sláturlamba og kemur heilt yfir heldur vel út. Móðir Odds er dóttir Kletts 13-962 frá Borgarfelli.

Árnessýsla

Brúnastaðir í Flóa

Nafn	Númer	Faðir Nafn	Faðir Númer	Eink. Fallþ.	Eink. kjötmat	Eink. líflömb	Eink. Heild	Fallþ.	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Kambur	20-081	Stapi	16-829	106,4	130,8	122,1	119,8	21,8	12,2	7,9	32,6	2,6	18,8	150,5
Smyrill	19-074	Naggur	18-073	97,8	112,7	115,0	108,5	20,9	12,2	8,6	32,0	2,4	18,7	149,9
Þjófur	20-080	Glæpon	17-809	103,1	89,9	88,3	93,8	21,5	11,5	9,0	32,0	3,3	18,3	151,4
Múli	20-079	Stapi	16-829	101,9	86,9	89,2	92,7	21,4	11,4	9,0	31,2	3,1	18,7	148,0
Krókur	20-078	Spakur	14-801	92,3	78,6	88,6	86,5	20,5	11,0	8,8	30,8	2,9	18,5	150,7
							Meðaltal	21,1	11,6	8,6	31,7	2,9	18,6	150,1

Hér stendur Kambur 20-081 undan Stapa 16-829 frá Kirkjubæjarklaustri 2 nokkuð afgerandi efstur og sýnir talsverða yfirburði í öllum þáttum rannsóknarinnar. Afkvæmi hans eru gríðarlega vel gerð en um leið fituminnsti hópurinn. Fita á lömbum í þessari rannsókn er þó almennt mun meiri í gengur og gerist í afkvæmarannsóknum haustsins en lömbin líka mjög þroskamikil. Móðir Kambs rekur ættir í þriðja lið í þá Stála 06-831 frá Teigi og Mími 04-951 frá Hesti. Smyrill 19-074 á einnig mjög vel gerðan lambahóp en þessi lömb eru farin að safna meiri fitu en afkvæmi Kambs. Smyrill rekur ættir til Jónasar 12-949 frá Miðgarði föður megin en móðir hans er dóttir Kletts 13-962 frá Borgarfelli

Heiðarbær í Þingvallasveit

Nafn	Númer	Faðir Nafn	Faðir Númer	Eink. Fallþ.	Eink. kjötmat	Eink. líflömb	Eink. Heild	Fallþ.	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Magnús	17-177	Kölski	10-920	97,6	114,5	114,1	108,7	17,4	9,7	6,2	31,1	3,0	17,8	161,1
Gústi	19-104	Drjúgur	17-808	97,2	99,8	120,6	105,9	17,3	8,8	5,9	30,9	2,6	17,9	153,8
Sveinbjörn	20-116	Stapi	16-829	112,3	97,1	103,5	104,3	18,5	9,7	6,8	30,8	3,3	17,7	148,5
Árni	20-112	Mávur	15-990	91,7	110,8	107,7	103,4	16,9	9,5	6,2	29,9	2,6	17,8	151,3
Eiður Tjörvi	20-113	Glámur	16-825	100,8	99,8	94,5	98,4	17,6	8,7	5,8	30,1	3,2	17,5	150,2
Jens	17-178	Kornelíus	10-945	91,6	107,4	94,3	97,7	17,0	9,9	6,7	30,2	3,4	17,8	155,0
Al Capone	20-118	Glæpon	17-809	111,2	69,4	69,4	83,3	18,4	9,2	7,3	28,5	3,2	17,5	154,0
							Meðaltal	17,5	9,4	6,4	30,2	3,1	17,7	153,4

Hér skarar enginn hrútur verulega fram úr en efstur stendur Magnús 17-177 sem er sonur Kölska 10-920 frá Svínafelli. Dætur hans mælast með þykkastan bakvöðva og flokkun sláturlamba er sú hagfelldasta. Að baki móður Magnúsar standa í annan lið höfuð snillingarnir Grábotni 06-833 frá Vogum og Kveikur 05-965 frá Hesti. Gústi 19-104 sonur Drjúgs 17-808 frá Hesti á þann gimbrahóp sem nær hæstu skori í mati á lifandi lömbum en sýnir að öðru leyti ekki neina yfirburði. Móðir Gústa er sonardóttir Birkis 10-893 frá Bjarnastöðum. Sveinbjörn 20-116 sonur Stapa 16-829 frá Kirkjubæjarklaustri 2 á þyngsta sláturlambahópinn og er hann 1 kg yfir meðaltali rannsóknarinnar. Móðir hans er dóttir Barkar 13-952 frá Efri-Fitjum og dótturdóttir Bósa 08-901 frá Þóroddstöðum.